

Ársuppgjör 1. janúar 2015 til 31. desember 2015

- Hagnaður Spalar ehf eftir skatta fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 31. desember 2015 nam 461 mkr., hagnaður á rekstrarárinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2014 nam 445 mkr. Hagnaður Spalar ehf eftir skatta á fjórða ársfjórðungi félagsins sem er 1. október 2015 til 31. desember 2015 nam 72 mkr. en á sama tíma árið á undan nam hagnaður félagsins 56 mkr. Spölur er að fullu í eigu Eignarhaldsfélagsins Spalar hf.
- Greiðsluflæðið gefur betri mynd af gangi félagsins þar sem verðbætur vegna vísitöluhækkana lána dreifast til greiðslu fram til loka lánstímans, þ.e. 2018. Greiðslugeta félagsins undanfarin 5 ár hefur verið sterk. Um 700 mkr. (2014:643 mkr.) voru greiddar í afborganir og vexti á tímabilinu og nauðsynlegt umframfjármagn var að auki til staðar 31. desember 2015 eins og lánasamningar gera ráð fyrir.
- Veggjald ársins nam 1.197 mkr. til samanburðar við 1.136 mkr. árið áður sem er 5,3 % hækkun.
- Rekstrarkostnaður Spalar ehf án afskrifta fyrir tímabilið 1. janúar 2015 til 31. desember 2015 nam 387 mkr. og hækkar um rúma 52 mkr frá árinu áður þegar hann nam 335 mkr. Helsta breytingin er vegna aukins viðhaldskostnaðar og kjarasamningsbundinna hækkunar á launum.
- Afskriftir á árinu námu samtals 124 mkr. og voru á sama tímabili árið áður 121 mkr.
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld lækka á milli ára um 15 mkr.
- Skuldir Spalar ehf lækka úr 3.101 mkr. þann 31. desember 2014 í 2.646 mkr. þann 31. desember 2015.

Um uppgjörið

Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar, segir að umferð og tekjur séu heldur meiri en áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir.

Tímabilið frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2015 er sautjándi fjárhagsár félagsins. Á þessu tímabili fóru 2.048 þúsund ökutæki um göngin sem greiddu veggjald sem er um 5,65% aukning frá sama tímabili árið áður. Þessi fjöldi samsvarar því að um 5.612 ökutæki hafi farið um göngin að meðaltali dag hvern. Meðaltekjur fyrir hverja ferð um göngin hafa lækkað.

Nánari upplýsingar veitir Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Spalar ehf, í síma 433 5910.

Lykiltölur úr rekstri Spalar ehf. í þúsundum króna

	1/1 2015 - 31/12 2015	1/1 2014 - 31/12 2014	1/1 2013 - 31/12 2013	1/1 2012 - 31/12 2012	1/10 2010 - 31/12 2011*
Rekstrartekjur					
Veggjald	1.196.594	1.136.465	1.091.241	1.057.930	1.208.746
Rekstrargjöld					
Viðhald og rekstur ganga	233.583	187.334	185.126	194.286	204.587
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	150.426	142.265	139.435	143.567	155.875
Tapaðar kröfur.....	2.498	5.210	4.208	4.197	6.544
Afskriftir	123.785	120.926	119.763	115.851	144.299
	510.292	455.735	448.532	457.901	511.305
Rekstrarhagnaður	686.301	680.730	642.709	600.029	697.441
Fjármunatekjur- og (fjármagnsgjöld)	-110.010	-124.723	-198.806	-246.372	-327.235
Hagnaður (tap) fyrir skatta	576.292	556.007	443.903	353.658	370.207
Tekjuskattur	-115.258	-111.201	-88.781	-115.569	-89.543
Hagnaður (tap) ársins	461.033	444.806	355.123	238.088	280.663

* Uppgjörstímabilið er 15 mánuðir



	31/12 2015	31/12 2014	31/12 2013	31/12 2012	31/12 2011	30/9 2010
Eignir samtals	4.676.655	4.715.420	4.687.492	4.724.034	4.793.775	4.704.551
Eigið fé	2.030.428	1.614.395	1.214.589	903.467	714.379	474.715
Skuldir samtals	2.646.227	3.101.025	3.472.903	3.820.567	4.079.396	4.229.836
Veltufjárhlutfall	0,48	0,50	0,48	0,54	0,57	0,75
Eiginfjárhlutfall	43,42%	34,24%	25,91%	19,12%	14,90%	10,09%

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af EB.

Rekstrarreikningur

Hagnaður ársins nam 461 mkr. og fyrir sama tímabil árið áður var hagnaður félagsins 445 mkr.

Rekstrarhagnaður ársins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 686 mkr. fyrir sama tímabil árið áður nam hagnaðurinn 681 mkr.

Tekjur

Veggjald á árinu nam 1.197 mkr. samanborið við 1.136 mkr. árið áður og hækkar því um 5,3%. Hækkunina má rekja til aukningar á umferð á árinu 2015.

Gjöld

Rekstrarkostnaður félagsins án afskrifta á árinu var 387 mkr. kostnaðurinn hækkar um 15% frá sama tímabili árið áður þegar hann nam 335 mkr.

Rekstrarkostnaður án afskrifta á fjórða ársfjórðungi nam 108 mkr. og hækkar um 16 mkr. frá sama ársfjórðungi árið áður þegar hann var 92 mkr.

Afskriftir

Afskriftir á tímabilinu voru 124 mkr. fyrir sama tímabil árið áður voru afskriftir 121 mkr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Á tímabilinu voru fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 110 mkr og lækka um 12% frá sama tímabili árinu áður þegar þau voru 121 mkr. Lækkunina má rekja til lækkunar á langtímaskuldum félagsins.

Efnahagsreikningur

Eignir

Heildareignir Spalar ehf 31. desember 2015 voru 4.677 mkr. Þann 31. desember 2014 námu þær 4.715 mkr. eignir félagsins hafa því lækkað um 38 mkr.

Eigið fé og skuldir

Eigið fé Spalar er 2.030 mkr. og hækkar um 416 mkr. frá 31. desember 2014.

Skuldir félagsins námu 2.646 mkr. 31. desember 2015 og lækka þær um 455 mkr. frá 31. desember 2014. Þessi lækkun skýrist að stærstum hluta til af afborgunum langtímalána.



Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri var 855 mkr. á tímabilinu 1. janúar 2015 til 31. desember 2015 en fyrir sama tímabil árið áður var handbært fé frá rekstri 862 mkr.

Handbært fé stendur í 280 mkr. í lok desember 2015.

Þróun rekstrar

Hér á eftir má sjá afkomu rekstrar og þróun hans á milli ársfjórðunga frá 1. október 2014 til 31. desember 2015.

Ársfjórðungsyfirlit í þúsundum króna	4. ársfj.	3. ársfj.	2. ársfj.	1. ársfj.	4. ársfj.
	1/10 15 -	1/7 15 -	1/4 15 -	1/1 15 -	1/10 14 -
	31/12 15	30/9 15	30/6 15	31/3 15	31/12 14
Veggjald	236.037	427.369	323.666	209.522	213.337
Viðhald og rekstur ganga	-72.285	-51.140	-62.173	-47.985	-55.846
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	-34.413	-36.527	-41.287	-38.200	-37.008
Tapaðar kröfur.....	-1.062	-392	-673	-371	375
Rekstrarhagn. f. afskriftir (EBITDA)	128.278	339.310	219.533	122.966	120.858
Afskriftir.....	-31.308	-31.291	-30.798	-30.388	-32.217
Rekstrarhagnaður (EBIT)	96.970	308.019	188.735	92.578	88.641
Fjárm.tekjur- og (fjárm.gjöld) - nettó	-6.901	-32.490	-45.940	-24.679	-18.142
Hagnaður (tap) fyrir skatta	90.068	275.529	142.795	67.899	70.499
Tekjuskattur	-18.014	-55.106	-28.559	-13.580	-14.100
Hagnaður (tap) ársfjórðungs	72.055	220.423	114.236	54.320	56.399

Rekstrarhorfur og framtíðarsýn

Gert er ráð fyrir að umferð og tekjur á næsta rekstrarári verði nokkru meiri en 2015.

Endurskoðun

Ársuppgjörið hefur verið endurskoðað af endurskoðendum félagsins, PricewaterhouseCoopers ehf. Stjórn og framkvæmdastjóri Spalar ehf hafa í dag samþykkt ársreikning félagsins fyrir árið 2015.